



Reykjavík 16.02.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 15. febrúar 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Þróunarássinn Örfirisey - Keldur

Kynntar tillögur að útfærslu samgangna og uppbyggingar á þróunarássnum Örfirisey-Keldur, nánar tiltekið á kaflanum Grensásvegur 6 Gullinbrú.

*Fulltrúar Traðar Sigríður Magnúsdóttir og Hans-Olav Andersen fulltrúi Landslags Þráinn Hauksson og fulltrúi Mannvits Ólöf Kristjánsdóttir kynna.
Vísað til borgarráðs til kynningar.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjal: Tillaga að verklagi

Þróunarsinn Örfirisey - Keldur

Grensásvegur – Gullinbrú: Valkostir í samgöngum og uppbyggingu Tillaga að verklagi


Tillaga til umræðu í umhverfis- og skipulagsráði

Lagt er til að hafin verði nánari greining á möguleikum í útfærslu samgangna og uppbyggingar á þróunarsnum Örfirisey-Keldur, nánar tiltekið á kaflanum Grensásvegur – Gullinbrú, með því verklagi sem lýst er að neðan.

Inngangur

Í AR 2010-2030 eru sett fram eftirfarandi markmið fyrir þróunarsinn Örfirisey-Keldur:

- Skapa heildstæða samgöngutengingu milli miðborgar og lykil þróunarsvæða í austri og vestri, með áherslu á vistvænar samgöngur
- Endurhanna, eins og kostur er, núverandi götur á ásnum sem vistvænar borgargötur (Mýrargata, Tryggvagata, Hverfisgata, Laugavegur, Suðurlandsbraut, Stórhöfði)
- Skilgreina markvisst uppbyggingarmöguleika meðfram ásnum (svæði innan 200 m frá strætisvagnleið). Skipuleggja mestan þéttleika byggðar í næsta nágrenni við lykil biðstöðvar strætisvagna. Kröfur um bílastæði á einstökum þéttingarreitum, miðist við þjónustustig almenningsamgangna.
- Tryggja forgang strætisvagna með sérakreinum (leið léttlesta í framtíðinni) og samfelldar hjóla og gönguleiðir.
- Þróun uppbyggingar á ásnum og endurbætur gatnaumhverfis er langtímaverkefni, sem miðar að því að þróa miðborgarstarfsemi til austurs.



Það er orðið aðkallandi að fá skýrari sýn á samgöngur og uppbyggingu á þróunarsnum, staðsetja samgöngumannvirki með nákvæmari hætti og taka til heildstæðrar skoðunar mögulega þróun á 400-800 m breiðu svæði meðfram ásnum. Það er langtímaverkefni sem eðlilegt er að áfangaskipta. Til að byrja með verði lögð áhersla á kaflann milli Grensásvegur og Gullinbrúar nú þegar unnið er að rammaskipulagi á svæðinu Elliðaárvogur/Ártúnshöfði og fyrir liggur að vinna þarf skipulag fyrir reit 4 í Vogabyggð og Skeifuna. Á þessum kafla er einnig mikilvægur hnútpunktur í samgöngu- og þróunars svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins þar sem Borgarlína sem ekur austur-vestur eftir þróunars Reykjavíkur og Borgarlína sem ekur suður-norður (Mjódd-Elliðaárvogur/Vogabyggð) eiga að mætast.

Tillaga að verklagi

Skipaður verði þverfaglegur vinnuhópur sérfræðinga Reykjavíkurborgar með fulltrúum frá samgöngustjóra, skipulagsfulltrúa, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og deildarstjóra aðal- og svæðisskipulags. Svæðisskipulagsstjóra SSH og fulltrúa frá Strætó bs. verði einnig boðið sæti í hópnum.

Vinnuhópurinn móti nánari verkefnislýsingu en hér er lagt upp með. Í kjölfarið verði teymi arkitekta, skipulags- og verkfræðinga fengið til vinna 4-6 tillögur að fyrirkomulagi samgöngumannvirkja og uppbyggingu á 400-800 m breiðu belti meðfram þróunarássnum milli Grensásvegur og Sævarhöfða þar sem hvað mest óvissa er um nákvæma legu ássins, kostnað og uppbyggingarmöguleika. Auk þess verði fjallað um mögulegar tengingar og samspil ássins og Miklubrautar/Vesturlandsvegur. Tillögurnar sýni einnig mismunandi útfærslur á samgöngutengingum til suðurs (Mjódd) og hugmyndir um uppbyggingu meðfram þeim ási.

Í tillögunum verði velt upp hvaða valkostir eru um nánari legu samgöngu- og þróunaráss bæði austur-vestur og norður-suður á þessu svæði, hvar staðsetja á skipti- og biðstöðvar almenningsgangna og hvaða gæðum og magni er hægt að ná í uppbyggingu í 200-400 m radíus við stöðvarnar og á 200 m breiðu belti um ása milli stöðva. Jafnhliða verði kostnaður við samgöngumannvirki í hverri tillögu metinn með grófum hætti og mögulegar tekjur af uppbyggingu (fasteignagjöld, innviðagjöld etc.) til framtíðar á móti.

Drög að tillögum verði kynntar umhverfis- og skipulagsráði síðla hausts 2016 og niðurstöðum skilað í byrjun árs 2017. Tillögurnar geti orðið grundvöllur ramma- og deiliskipulagsáætlana á þessum kafla, viðræðna við Vegagerðina o.fl.

Gert er ráð fyrir að nánari útfærsla þróunarássins milli Sævarhöfða og Gullinbrúar muni liggja fyrir síðla hausts í rammaskipulagi Elliðaárvogs-Ártúnshöfða sem nú er unnið að. Með þessu verklagi fáiast í lok árs 2016 skýrari heildarsýn á hvernig hægt er að byggja þróunarássinn og aðliggjandi svæði milli Grensásvegur og Gullinbrúar annars vegar og Mjóddar og Vogabyggðar hins vegar.

Þorsteinn R. Hermannsson